



14. júlí 2023  
Tilv.: 2212133

Dreifibréf nr.: 33/2023  
til aðila sem bjóða upp á pakkaðar og  
vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir  
og/eða viðbótartryggingavernd

*Efni:* Reglur Seðlabanka Íslands nr. 510/2023 um samningu og miðlun  
lykilupplýsingaskjala fyrir almenna fjárfesta.

Með dreifibréfi þessu vekur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands athygli viðtakenda á reglum Seðlabankans nr. [510/2023](#), um samningu og miðlun lykilupplýsingaskjala fyrir almenna fjárfesta. Reglurnar, sem innleiða undirgerðir PRIIPs í íslenskan rétt, tóku gildi 26. maí sl. Þær gilda um framleiðendur og aðila sem veita ráðgjöf um eða selja pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta og aðila sem bjóða upp á viðbótartryggingavernd skv. II. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. 3.–5. mgr. 8. gr. þeirra laga. Reglurnar eru settar með stoð í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 55/2021 um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta og fella úr gildi eldri reglur nr. 145/2022.

Sérstök athygli er vakin á því að ólíkt eldri reglum gilda reglurnar nú einnig um rekstrarfélög verðbréfasjóða skv. lögum nr. 116/2021, rekstraraðila sem markaðssetja sérhæfða sjóði til almennra fjárfesta skv. X. kafla laga nr. 45/2020 og aðila sem veita ráðgjöf um eða selja hluti og/eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs eða sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta skv. sama kafla þar sem tímabundin undanþága til þessara aðila frá gildissviði laga nr. 55/2021 rann úr gildi 31. desember 2022, sbr. 2. mgr. 18. gr. sömu laga. Ber framangreindum aðilum því nú að semja og miðla lykilupplýsingaskjöllum til almennra fjárfesta á grundvelli laga nr. 55/2021 en ekki á grundvelli laga nr. 116/2021 og nr. 45/2020 eins og áður. Með nýjum reglum er innleidd reglugerð (ESB) 2021/2268 sem breytir framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/653, einkum m.t.t. útfærslu á þeim kröfum sem fyrrgreindum aðilum ber nú að taka mið af við samningu og miðlun lykilupplýsingaskjala til almennra fjárfesta.

Lykilupplýsingaskjöllum er ætlað að gera almennum fjárfestum kleift að skilja og bera saman helstu eiginleika pakkaðra og vátryggingatengdra fjárfestingarafurða og meðfylgjandi áhættu. Í fyrrgreindum reglugerðum (ESB) er mælt fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla, m.a. að því er varðar framsetningu, inntak, yfirferð og endurskoðun fyrrgreindra lykilupplýsingaskjala og kröfur um að láta slík skjöl í té.

Með vísan til framangreinds beinir fjármálaeftirlitið því til viðtakenda dreifibréfsins að kynna sér reglur nr. 510/2023 og taka framvegis mið af þeim við samningu og miðlun lykilupplýsingaskjala fyrir almenna fjárfesta á grundvelli laga nr. 55/2021.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir  
framkvæmdastjóri  
háttsemiseftirlit

Inga Dröfn Benediktsdóttir  
forstöðumaður  
háttsemiseftirlit

